




Festistu oft ?

Hefurðu einhvern tímann farið gegnum þrautabraut?

Þrautabrautin er, eins og þú veist, leið með alls konar hindrunum. Það þarf að hoppa yfir grindur, skríða gegnum þröng göng, halda jafnvægi á slá og krækja framhjá keilum.



Flestir krakkar horfa yfir þrautabrautina og hugsa með sér: „Vá, þetta er skemmtilegt.“ Þeir hlaupa af stað á fullri ferð, hoppa yfir grindur og krækja framhjá keilum.

Í þrautabraut bíða hindranirnar eftir að þú sigrist á þeim.

Teiknaðu sjálfan þig að undirbúa þig fyrir hindrunarhlaupið. Teiknaðu síðan inn á myndina línu sem sýnir hvernig þú kemst yfir eða framhjá hindrununum.



Nú skaltu ímynda þér strák sem finnst skemmtilegt að hlaupa en hefur aldrei séð þrautabraut. Hann hleypur af stað á fullri ferð og kemur að fyrstu hindruninni.

Bíddu nú við! Hindrunin er fyrir honum.

Strákurinn stoppar og starir á hindrunina. En hindrunin færir sig ekki. Strákurinn gerir því það sem margir krakkar gera þegar eitthvað er fyrir þeim. Hann **REIÐIST**.



Hindrunin hreyfist ekki.

„Þetta er ósanngjarnt“ segir hann.


En hindrunin hreyfist ekki. Nú er strákurinn orðinn svo reiður að hann sparkar í hindrunina. En hún hreyfist samt ekki. (Auðvitað ekki, því þetta er hindrun).

„Klikkaða hindrun“ hugsar hann, “hún er fyrir mér og svo meiddi hún í þokkabót tána mína.“

Strákurinn stendur lengi í sömu sporum, æpandi og kvartandi yfir hindruninni.



Hvaða ráð geturðu gefið krakka sem hefur stoppað við hindrun? (Vísbending: hvað myndirðu gera ef þú værir sjálfur í þrautabrautinni?)



Ef þú skrifaðir „**STÖKKVA VFIR HINDRUNINA**“ skaltu verðlauna þig. Þú vissir nákvæmlega hvað best er að gera.

Vissirðu að lífið er eins og þrautabraut? Það er fullt af torfærum sem við þurfum að komast í gegnum.

Sumir krakkar, kannski krakkar eins og þú, eru sérlega duglegir við að koma auga á hindranir. Og þá komast þeir ekki lengra. Þeir festast.

Þeir gleyma því að hindranir eru til að hoppa yfir. Í staðinn fara þeir að kvarta yfir þeim og klaga og segja: „Þetta er óréttlátt“ eða eitthvað álíka. Og þeir verða reiðir og leiðir yfir því að hindranirnar stoppi þá.

Ef þú ert krakki sem er alltaf að rekast á hindranir – og sérstaklega ef þú ert krakki sem kvartar stöðugt yfir þeim – þá er þessi bók fyrir þig. Hér lærirðu að líta á hindranirnar á nýjan hátt og finna út hvernig þú kemst yfir þær.

